

Grímsnes- og Grafningshreppur
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss

Selfossi 29. ágúst 2023

Efni: Ósk um aukinn kennslukvóta í Grímsnes- og Grafningshreppi frá hausti 2023

Innritun nýnema stendur yfir í Tónlistarskóla Árnésinga.

Vegna biðlista í tónlistarnám er núna þörf fyrir aukinn klukkustundafjölda og óskar skólinn eftir að fá að fjölga kenndum klst. úr 6,5 í 8,5 klst., eða um 2 klst. frá fyrra ári.

Biðlisti. Á biðlista í Grímsnes- og Grafningshreppi eru núna 4 umsækjendur.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 800.000 kr. á ári. (Innifalið í kostnaði eru auk einkakennslunnar m.a. allir tónfræðitímar, samspil og hljómsveitastarf og allur annar launatengdur kostnaður vegna kennslunnar).

ATH. Sveitarfélagið greiðir aðeins fyrir þær stundir sem nýtast. Ef skólinn þarf ekki leyfðan fjölda klst. (t.d. ef nemendur hverfa frá námi) fækkar greiddum klst.

Með von um góðar undirtektir,

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri